



Vinnureglur varðandi fundasetur, orlof, aksturskostnað, dagpeninga, notkun bifreiða.

Ekki skal greiða fyrir [fundasetur starfsmanna](#) sem hafa fasta yfirvinnu, nema þeir séu kjörnir fulltrúar. Ritari sveitarstjórnar fær greitt fyrir hvern fund sveitarstjórnar í samræmi við ákvörðun um fundarþóknanir. Um greiðslur á fundarsetu þeirra starfsmanna sem ekki hafa fasta yfirvinnu og ef fundir eru fyrir utan þeirra dagvinnutíma fer eftir ákvæðum kjarasamninga. Leitast skal við að halda fundi á dagvinnutíma og að þeir standi ekki lengur en 2 klst.

[Orlof](#) er greitt ofan á breytilega yfirvinnu en ekki fasta yfirvinnu. Föst yfirvinna er greidd mánaðarlega allt árið.

Um greiðslur á [aksturskostnaði](#) og [dagpeningum](#) fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og reglum Dalvíkurbyggðar um greiðslur á dagpeningum og ferðakostnaði.

Hafi starfsmaður vegna starfs síns [bifreið í eigu Dalvíkurbyggðar](#) eða bifreið sem rekin er af Dalvíkurbyggð til umráða skal hún vera merkt sveitarfélaginu og nýting hennar eingöngu vera í þágu þess.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum er [tímabil sumarorlofs](#) 15. maí til 30. september. Í aprílmánuði skal liggja fyrir á hvaða tíma starfsmaður verður í sumarorlofi en það er meginregla að allt eða meginhluti orlofs sé tekið á sumarorlofstíma. Beiðni um hvenær starfsmaður áætlaðar töku orlofs skal koma til næsta yfirmanns í gegnum rafrænt tímaskráningarkerfi sem reynir eins og hægt er að verða við beiðninni en taka þarf mið að starfssemi stofnunar og fyrirtækis sem og beiðnum frá öðrum starfsmönnum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 25.11.2014.